

Priðjudaginn 29. júní 1954.

Nr. 97/1954.

Valdstjórnin

(Guðmundur V. Jósefsson hdl.)

gegn

Gróu S. Sigurbjörnsdóttur

(Áki Jakobsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Niðurrif húss. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Hús það, sem í málinu greinir, reisti hernámslið Breta á styrjaldarárunum á erfðafestulandi Guðjóns B. Jónssonar, Sogamýrarbletti 30 í Reykjavík, en land þetta hefur nú verið tekið úr erfðaleigu. Eftir brottför brezka herliðsins var húsið í notum varnarliðs Bandaríkja Ameríku. Í lok styrjaldarinnar kom húsið í eigu ríkissjóðs og var síðan af sölunefnd setuliðseigna afhent greindum erfðafestuhafa, en hann seldi kærðu það með afsali 8. október 1946. Afsal þetta var þinglesið hinn 3. nóvember 1952, en sama dag hafði lóðaskrárritari ritað á afsalið, að húsið væri lóðarréttindalaust.

Stjórnvöld Reykjavíkur veittu ekki byggingarleyfi fyrir húsinu í upphafi, og eigi hafa þau síðar veitt leyfi til þess, að það mætti standa, þar sem það var reist. Hinn 24. nóvember 1953 samþykkti bæjarráð að láta rífa húsið, og hinn 3. desember s. á. staðfestir bæjarstjórn þá ákvörðun bæjarráðs, enda stendur húsið í vegi fyrirhuguðum mannvirkjum á þessum slóðum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hafa stjórnvöld byggingarmála eigi veitt samþykki sitt til þess, að hús kærðu standi, þar sem það nú er, og er húsið þar algerlega lóðarréttindalaust. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum á ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærða, Gróa Sigurrós Sigurbjörnsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Guðmundar V. Jósefssonar og Áka Jakobssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Jóns Ásbjörnssonar hrd. og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Við lítum svo á, að krafan um, að kærðu skuli skylt að þola niðurrif hússins nr. 28 við Réttarholtsveg, gæti því aðeins fallið undir ákvæði 11. töluliðar 2. gr. laga nr. 27/1951, að með byggingu hússins hefðu verið brotin ákvæði laga eða samþykktu um byggingarmálefni í Reykjavík. Þessu var ekki hér til að dreifa, þar sem húsið var reist af hernámsyfirvöldum, sem ekki lutu íslenzkri lögsögu, og komst síðar í eign íslenzka ríkisins og aftur úr höndum þess í eign íslenzkra þegna, nú síðast kærðu, Gróu Sigurbjarnardóttur.

Í öðru lagi álítum við, að jafnvel þótt sakarefnið væri talið falla undir nefndan 11. tölulið 2. gr., þá ætti Reykjavíkurbær, en ekki ákærvaldið eða valdstjórnin, aðild málsins. Upphafsaðkvæði 2. gr. segja aðeins, að þar greind mál skuli sæta rannsókn og meðferð að hætti opinberra mála, en greina ekkert um sakaraðild. Reykjavíkurbær hefur gert kröfu um niðurrif hússins, og á hann samkvæmt eðli málsins að hafa sakarforræði og þar með dómsaðild út af henni.

Samkvæmt framansögðu verður atkvæði okkar á þá leið, að mál þetta verði ómerkt og því vísað frá héraðsdómi. En þar sem sú úrlausn hefur ekki samþykki meiri hluta dómenda, munum við samkvæmt 47. gr. laga nr. 112/1935 greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. júní 1954.

Ár 1954, föstudaginn 18. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómará, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2639/1954:

Ákærvaldið gegn Gróu Sigurrós Sigurbjörnsdóttur, sem dómtekið var nú samdægurs.

Málið er höfðað gegn Gróu Sigurrós Sigurbjörnsdóttur húsfreyju, til heimilis á Réttarholtsvegi 28 hér í bæ. Samkvæmt ákæruskjali, dags. 15. júní sl., er málið höfðað gegn ákærðri, Gróu Sigurbjörnsdóttur húsfreyju, Réttarholtsvegi 28 í Reykjavík, fæddri 28. maí 1916 á Akranesi, „til þess samkvæmt 2. mgr. 38. gr., sbr. 3. tl. 37. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 195/1945, að þola, að húseign hennar nr. 28 við Réttarholtsveg í Reykjavík verði rifin niður á hennar kostnað, en hús þetta var á hernámsárunum byggt af setuliðinu án samþykkis byggingarnefndar og breytt síðar, 1946, án hennar samþykkis, sbr. 1. tl. 4. gr. nefndrar samþykktar. Þá er málið og höfðað gegn nefndri Gróu Sigurbjörnsdóttur til greiðslu alls málskostnaðar.“

Ákærð er fædd 28. maí 1916 á Akranesi. Hinn 5. september 1951 hlaut ákærð áminningu fyrir óspektir. Um aðrar kærur eða refsingar er ekki kunnugt.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 22. janúar sl., kærði byggingarfulltrúinn í Reykjavík til sakadómara, að baðhús, er setuliðið reisti á hernámsárunum, hefði verið innréttað til íbúðar án leyfis byggingarnefndar. Hús þetta er Réttarholtsvegur 28 hér í bæ. Stendur það á lóðunum nr. 23 og 25 við Háagerði og er þar í bága við skipulag þessa svæðis. Hindrar húsið byggingarframkvæmdir á lóðum þessum, m. a. holræsagerð. Var það ósk byggingarfulltrúa, að húsið yrði úrskurðað til niðurrifs.

Skráður eigandi húss þessa er ákærð. Býr hún í húsinu. Við rannsókn upplýstist, að ákærð hefði keypt hús þetta árið 1946. Keypti hún húsið fyrir kr. 5.000,00 af manni, sem hafði fengið það hjá sölunefnd setuliðseigna árið áður. Er ákærð fékk húsið, var það komið að hrúni, en það er hlaðið úr steinum. Var húsið einn geimur, án lofts. Húsið er um 100 fermetrar að stærð. Maður sá, er ákærð býr með, hófst þegar handa með lagfæringu á húsinu. Innréttaði hann strax eitt herbergi og eldhús, og fluttust ákærð og maður þessi haustið 1946 í húsið. Hafa þau búið þar síðan. Var unnið að innréttingu hússins fram á árið 1949. Húsið er kjallaralaust með risi. Á hæðinni eru 7 herbergi og eldhús. Í risi hefur verið innréttað eitt herbergi.

Það er upplýst í málinu, að ekki var hirt um það af hálfu ákærðrar að sækja um leyfi til byggingaryfirvalda til að innrétta húsið. Sagði ákærð, að ekki hefði verið höfð hugsun á því.

Samkvæmt 4. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík, nr. 195 frá 1945, má eigi hefja byggingarframkvæmdir sem þær, er ákærð lét vinna, nema fyrir liggi leyfi byggingaryfirvalda til framkvæmdanna (byggingarleyfi), sbr. og 3. tl. 37. gr. samþykktarinnar. Þar eð sannað er, að ákærð hafði ekki leyfi til að innrétta húsið, og engin önnur atvik virðast vera fyrir hendi, er haggð gætu því, að

ákvæði byggingarsamþykktarinnar næðu óskorað til húss þess, sem mál þetta er risið af, ber að dæma ákærða til að þola, að umrætt hús verði rifið niður á hennar kostnað, sbr. ákvæði 38. gr. byggingarsamþykktarinnar.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 700,00.

Dómsorð:

Hús ákærðrar, Gróu Sigurrósar Sigurbjörnsdóttur, Réttarholtsvegi 28 hér í bæ, skal rifið niður á hennar kostnað.

Ákærð greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hdl., að upphæð kr. 700,00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. júlí 1954.

Kærumálið nr. 14/1954.

Valdstjórnin

gegn

Emil Jónatan Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dómstólar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Dómsmálaráðherra hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur.

Samkvæmt upphafsákvæði og 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 skulu mál til sviptingar lögræðis sæta meðferð samkvæmt ákvæðum nefndra laga. Í Reykjavík ber slík mál því undir sakadómara, sbr. 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Hinn kærði dómur verður því úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.